



**Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði**  
**8. apríl 2022 kl. 16:00.**

Fundarmenn: Eiríkur J. Kjerúlf formaður, Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

**1. Aðsent efni til kynningar.**

Eftirtalin gögn voru send til fundarmanna fyrir fundinn til kynningar og yfirlstrar: a) Svæðaskipulag Austurlands. b) Rammaskipulag fyrir Stuðlagil. c) Umhverfis- og loftlagsstefna Fljótsdalshrepps. Eftir ítarlega umfjöllun um gögnin sjá fundarmenn hvorki ástæðu til að leggja fram sérstaka umsögn né gera athugasemdir við þau.

**2. Víðivallaskógur. Kynning á deiliskipulagi í vinnslu.**

Kynntur uppdráttur frá Skarphéðni Smára um deiliskipulag á sumarhúsasvæðinu sem enn er í vinnslu. Nefndarmenn báru uppdráttinn saman við fyrri uppdrátt sem deilur voru um og var kærður af einum sumarhúsaeyganda og fékk því ekki afgreiðslu. Í kjölfar þess er staðan sú að ekkert samþykkt deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið og meðan svo er verða ekki fleiri bústaðir samþykktir þar. Byggingar- og skipulagsnefnd fagnar því að skriður sé kominn á ásættanlega lausn málsins.

**3. Erindi frá Sauðagulli ehf. á Egilsstöðum.**

Sauðagull ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir tvo 40 feta samtengda frystigáma. Þeir verða á malapúð og tengdir með rafmagnið og vatnið frá íbúarhúsinu. Þarna verður vinnslurými þar sem framleidd verða söluhaf matvæli í takmörkuðu magni og fer framleiðslan aðallega fram á sumarmánuðum og fram undir jól. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfið fyrir sitt leyti en beinir því til umsækjanda að hafa samband við HAUST sé um leyfisskylda starfsemina að ræða.

**4. Staða verkefna á framkvæmdastigi.**

Lokaúttekt fór fram 1. apríl á sumarhúsi Skarðhéðins Smára og íbúðarhúsi Þórhalls í Brekkugerði að viðstöddum fulltrúum Brunavarna á Austurlandi, verktaka og byggingarstjóra. Sagt frá stöðu framkvæmda við gistihús Óbyggðasafnsins á Egilsstöðum og einnig á Höllustöðum.

**5. Vatnstjón í Laugarfellsskála.**

Sagt frá vatnstjóni í Laugarfellsskála og sýndar myndir af því. Á síðasta ári varð einnig vatnstjón í starfsmannahúsi við skálann. Umræður urðu um hugsanlega vöktun og ýmsa möguleika í því sambandi. Fundarmenn voru sammála um að finna verði viðundandi vöktunarlausn á mannvirkjum á staðnum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18:00

Sign. Eiríkur J. Kjerúlf, Helga H. Vigfúsdóttir,

Jón Þór Þorvarðarson. Fundarritari: Sveinn Þórarinsson.